



Sumarnámskeið Grundarfjarðar- bæjar 2015

Börn fædd 2003-2009



8.30-11.30—Yngri hópur (Árg. 2006-2009)
12.30-15.30—Eldri hópur (Árg. 2003-2005)
Verð fyrir hvert námskeið er 4.500 kr.

Skráningareyðublað má nálgast á skrifstofu Grundarfjarðarbæjar eða á vefnum www.grundarfjordur.is Eyðublöðum skal skila á skrifstofuna. Athugið að allar skráningar þurfa að fara í gegnum skrifstofu Grundarfjarðarbæjar og skráning þarf að fara fram fyrir kl.12 á föstudegi, eigi barn að byrja á námskeiði á mánudegi.

Ævintýranámskeið 1.-5.júní (báðir hópar)

Áhersla á útiveru og gleði. Leikir, gönguferð, fjöruferð, ratleikur, fjör í Gilinu, vatnsstríð, fjársjóðsleit, farið að vaða, spilað, hjólaprautir, *Minute to win it* prautir og margt fleira.

Listasmiðja (yngri) 8.-12.júní

Gefum sköpunargleðinni lausan tauminn. Kynnumst ýmsum aðferðum í listsköpun og skoðum aðferðir nokkurra listamanna. Notum náttúruna sem uppsprettu í okkar eigin sköpunarverkum og vinnum úti þegar veður leyfir. Málun, leirmótun, pappírsmótun, teikning, skapað úr efniviðum náttúrunnar og margt fleira. Vinnan brotin upp með leikjum og skemmtun.

Stop Motion stuttmyndagerð (eldri)

8.-12.júní

Notum tæknina til þess að búa til stuttmyndir með Stop Motion aðferðinni. Förunum í gegnum ferlið frá hugmynd til lokaafurðar, búa til söguborð, undirbúa tölur og útbúa leikmuni, upptökur, klipping og lokafrágangur.

Útivist 15.-19.júní

Hreyfing, útivera og skemmtun. Gönguferðir og fjallgöngur, leikir, hjólaferðir, farið að vaða, ratleikur, fjöruferð, sandkastalagerð og fleira.

Leikum og lærum (yngri) 22.-26.júní

Gagn og gaman fyrir yngri hóp. Lærum í gegnum leiki, spilum, gönguferðir, fjöruferðir og hjóladagur. Perlum, puttaprjónum, leirum, vefum, gerum vinnubönd, sullum, málum, litum og allt sem okkur dettur í hug að gera.

Smiðavöllur (eldri) 22.-26.júní

Smiðum það sem okkur dettur í hug t.d. kofa eða kassabíla og tálum úr ferskum efniviði.

Smiðjur 20.-24.júlí

Ýmsar smiðjur vikuna fyrir bæjarhátíðina okkar Á Góðri Stund í Grundarfirði. Leikjasmiðja, vatnsleikjasmiðja, skapandi smiðja, hátíðarsmiðja og lokahátíð.

Umsjón: Ólöf Rut Halldórsdóttir og Monika Eiðsdóttir

Frekari upplýsingar um námskeiðin má nálgast á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar eða hjá Ólöfu Rut í síma 847-8750.